

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 27. maí 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

*Gjört á Bessastöðum, 25. maí 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Davíð Oddsson.*

Alþingi samþykkti hinn 27. maí 2004 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frestað hinn 28. maí 2004.

*Forsætisráðuneytinu, 1. júní 2004.*

**Davíð Oddsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ólafur Davíðsson.*